



Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Skrifstofa sviðsstjóra fjármála- og áhættustýringarsviðs

Reykjavík, 7. júlí 2025

MSS25040102

UMSÖGN

Umsögn um bréf frá eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga til sveitarstjórnar vegna yfirferðar á fjárhagsáætlun 2025

Þann 9. apríl sl. barst Reykjavíkurborg bréf frá eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga (EFS) vegna yfirferðar fjárhagsáætlunar 2025. Fjármála- og áhættustýringarsviði hefur verið falið að gera umsögn um efni bréfsins.

Tilgangur bréfsins er að benda sveitarstjórn á að þrátt fyrir bráðabirgðaákvæði VII í sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 þar sem sveitarstjórn er heimilt að víkja frá skilyrðum um jafnvægisreglu og skuldareglu út árið 2025, þurfi árið 2026 að uppfylla framangreind skilyrði.

Í bréfinu kemur fram að samkvæmt fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar 2025 uppfyllir sveitarfélagið jafnvægisreglu A- og B-hluta en aftur á móti stefnir í neikvæðan þriggja ára rekstrarjöfnuð A-hluta fyrir tímabilið 2023-2025. Vakin er athygli á að útreikningar EFS taka tilliti til rekstrarniðurstöðu skv. ársreikningi 2023, útkomuspá 2024 og fjárhagsáætlun 2025. Ef tekið er tilliti til rekstrarniðurstöðu samkvæmt ársreikningi 2024 þá er þriggja ára rekstrarniðurstaða Reykjavíkurborgar jákvæð bæði fyrir A-hluta og A- og B-hluta.

Með bréfinu vill EFS koma ofangreindri ábendingu á framfæri og að ekki er kallað eftir formlegu viðbragði borgarstjórnar. Þó hvetur nefndin borgarstjórn til þess að leita leiða við að uppfylla jafnvægisreglu þegar fjármálareglur taka gildi aftur í upphafi næsta árs.

Fjármála- og áhættustýringarsvið hefur rýnt bréf EFS og tekur undir ábendingu um að mikilvægt sé að fjárhagsáætlanir uppfylli bæði jafnvægisviðmið A- og B-hluta og rekstrarjöfnuð A-hluta. Þó er áréttað að lágmarksviðmið skv. sveitarstjórnarlögum gildir fyrir samstæðu sveitarfélaga þ.e. A- og B-hluta. Ekki er að finna í sveitarstjórnarlögum sambærileg viðmið fyrir rekstur A-hluta eingöngu.

Reykjavíkurborg vinnur samkvæmt fjármálastefnu Reykjavíkurborgar 2023-2027 þar sem sett eru fram markmið um rekstur og þróun fjármála borgarinnar til lengri og skemmri tíma. Markmið fjármálastefnunnar byggja m.a. á lágmarksviðmiðum EFS og í samþykktri fjárhagsáætlun 2025-2029 er gert ráð fyrir að búið verði að ná öllum markmiðum fjármálastefnunnar árið 2025, sbr. eftirfarandi:



Reykjavík



Fjárhagsáætlun 2025-2029 (samþykkt)		Markmið fjármálastefnu	Gildistími markmiða ----->					
			2024Ú	2025Á	2026Á	2027Á	2028Á	2029Á
A-hluti	Rekstrarniðurstaða	>0	✓ 531	✓ 1.298	✓ 4.642	✓ 6.672	✓ 9.624	✓ 12.998
A-hluti	Hlutfall launakostnaðar	<80%	✓ 79,9%	✓ 76,6%	✓ 76,1%	✓ 75,4%	✓ 74,6%	✓ 73,9%
A-hluti	Veltufé frá rekstri / tekjum	>7,5%	⚠ 5,5%	✓ 7,6%	✓ 7,6%	✓ 8,0%	✓ 8,8%	✓ 9,6%
A-hluti	Veltufé frá rekstri / afb. lána	>1,0	⚠ 0,80	✓ 1,32	✓ 1,23	✓ 1,04	✓ 1,31	✓ 1,25
A-hluti	Lántaka / fjárfestingum	<70%	⚠ 72%	✓ 65%	✓ 59%	✓ 54%	✓ 44%	✓ 46%
A-hluti	Skuldaviðmið	<100%	✓ 80%	✓ 83%	✓ 82%	✓ 80%	✓ 75%	✓ 69%
A-hluti	Handbært fé í árslok	>8.000	✓ 10.512	✓ 10.415	✓ 10.957	✓ 9.212	✓ 9.972	✓ 11.957
A+B / OR	Skuldaviðmið	<150%	✓ 106%	✓ 109%	✓ 108%	✓ 107%	✓ 103%	✓ 97%
		Markmið	2022-24	2023-25	2024-26	2025-27	2026-28	2027-29
A+B / OR	Jafnvægisviðmið	>0	✓ 2.370	✓ 9.850	✓ 28.806	✓ 36.474	✓ 43.155	✓ 48.106

Halldóra Káradóttir
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs



Reykjavík